

## Erindisbréf

### Starfshópur vegna endurskoðunar jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar, málsnr. 1510229

#### Hlutverk:

Starfshópurinn skal endurskoða jafnréttisstefnu Hafnarfjarðarkaupstaðar. Jafnframt ákveður hópurinn þann ramma sem jafnréttisáætlanir sviða skulu vera unnar eftir og hvernig þær eru samþættar inn í aðrar stefnur og áætlanir.

Mannauðsstjóri verður starfsmaður hópsins.

#### Skipan starfshópsins:

Hópurinn skipa fjórir fulltrúar. Bæjarráð skipar hópin og ákveður hver er formaður hans. Hópurinn munu skipa eftirtaldir fulltrúar:

- Guðlaug Kristjánsdóttir, formaður
- Kristinn Andersen
- Óskar Steinn Ómarsson
- Valgerður Bláklukka Fjölnisdóttir

#### Skipulag:

Hópurinn tekur til starfa 20. nóvember eftir að erindisbréf hefur verið afgreitt af bæjarráði og skal skila tillögum til bæjarráðs fyrir lok janúar 2016. Hópurinn skal funda að jafnaði á tveggja vikna fresti og verður greitt fyrir fundarsetu skv. reglum Hafnarfjarðarbæjar, að hámarki 5 sinnum. Með starfshópnum starfar Berglind G. Bergþórsdóttir mannauðsstjóri. Hópurinn starfar í umboði bæjarráðs. Hópurinn skal halda fundargerðir. Starfshópnum er óheimilt að stofna til kostnaðar án samþykkis bæjarráðs og fjárheimildir skulu vera fyrir útgjöldum.

Samþykkt á fundi bæjarráðs Hafnarfjarðar 19. nóvember 2015